

Geir H. Haarde, fyrrv. forsætisráðherra:

Vegna fyrirspurna Kastljóss 13. október 2016

Áður en vikið er að spurningum Kastljóss tel ég rétt að gera örlítið nánar grein fyrir þessu máli. Tekið skal fram að allt sem hér er sagt og sem kemur fram í svörum við einstökum spurningum hefur margoft komið fram opinberlega áður.

Lán Seðlabankans til Kaupþings 6. okt. 2008 var þrautavarlán, veitt við áður óþekktar aðstæður á Íslandi. Það var til fjögurra daga, veitt á mánudegi og átti að endurgreiðast á föstudegi.

Banki sem þarf slíkt neyðarlán hefur eðli máls samkvæmt ekki aðgang að lánum frá öðrum og er því í mjög erfiðri stöðu. Þrautavarlán alls staðar í heiminum eru veitt á grundvelli þeirrar vitneskju.

Seðlabankanum er lögum samkvæmt ekki heimilt að veita lán án fullnægjandi veða.

Þegar Seðlabankinn veitti Kaupþingi neyðarlánið lá fyrir að Kaupþing gat lagt fram veð sem var umfram lánsupphæðina- svokallað allsherjarveð sem náði þar með einnig til annarra skulda bankans við Seðlabankann. Þetta veð var FIH bankinn í Danmörku. Seðlabankinn kannaði það sérstaklega hjá Seðlabanka Danmerkur hvort þetta veð væri ekki örugglega traust og fékk skýr svör um að svo væri. Ítrekaði seðlabankastjóri það í samtalinu að lánið yrði aldrei veitt nema gegn öruggu veði.

Það var Seðlabankinn sem veitti lánið til Kaupþings en það var gert að höfðu samráði við mig sem forsætisráðherra sem hafði hvorki þá né nú ákvörðunarvald yfir lánveitingum bankans.

Um þetta má vitna í bréf núverandi seðlabankastjóra til fjárlaganefndar Alþingis 20. febrúar 2013 þar sem vikið var að fyrri samskiptum bankans og nefndarinnar um þetta mál. Þar segir m.a.:

“Um samráð við forsætisráðherra var heldur ekki fullyrt enda um að ræða aðgerð af hálfu Seðlabankans, sem hvorki nú né þegar atvik gerðust, er háð samráði við ráðherra, þó svo að slíkt geti í einhverjum tilvikum talist eðlilegt að sé gert.”

Þetta er kjarni málsins. Seðlabanki Íslands tók ákvörðun um umrædda lánveitingu til fjögurra daga í samræmi við hlutverk sitt sem lánveitandi til þrautavara. Ég hafði ekki athugasemdir við það því ég taldi rétt að gera lokatilraun til að bjarga stærsta banka landsins frá falli. Hefði það heppnast hefði vandinn sem við var að glíma verið af annarri stærðargráðu og mun viðráðanlegri miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu.

Það voru síðan mikil vonbrigði þegar í ljós kom síðar er selja átti FIH bankann að veðið reyndist ekki eins verðmætt og talið hafði verið. En það er annað mál og á því eru skýringar sem Seðlabankinn hefur gert ágætlega grein fyrir.

Skal nú vikið beint að spurningum Kastljóss.

- 1. Er það rétt að Davíð Oddsson hafi tjáð þér í umræddu símtali að peningarnir sem lána ætti Kaupþingi fengjust að öllum líkindum ekki til baka? Að í raun væri ljóst áður en lánið væri afgreitt að það fengist ekki endurgreitt?*

Seðlabankastjóri tjáði mér að óvíst væri um endurheimtur. Það kom ekki á óvart í ljósi þess að um neyðarlán var að ræða. Þá skiptir öllu máli að hafa tryggt veð eins og Seðlabankinn taldi að væri í þessu tilfalli, þ.e. FIH bankinn í Danmörku. Engum gat dottið í hug að lána Kaupþingi stórfé án veðs vitandi að aldrei fengist neitt endurgreitt enda hefði það verið brot á lögum um Seðlabankann.

- 2. Að með því að lána 500 milljónir evra til Kaupþings væri Seðlabankinn “kominn inn að beini”?*

Ég hafði á þessum tíma ágætar upplýsingar um stöðu gjaldeyrisforða Seðlabankans.

- 3. Kannastu við þá lýsingu á atburðarásinni, sem höfð er eftir Davíð, að ríkisstjórn þín hafi verið búin að tjá stjórnendum Kaupþings nokkru áður en lánið var veitt, að innan ríkisstjórnarinnar væri vilji til þess að Seðlabankinn myndi lána Kaupþingi?*

Nei, ég kannast ekki við að hafa tjáð stjórnendum Kaupþings þetta.

4. *Er það þinn skilningur að með samtali ykkar Davíðs í umrætt sinn hafir þú með einum eða öðrum hætti verið að taka ákvörðun um hvort lánið yrði veitt eða ekki? Að lokaákvörðun um veitingu lánsins hafi verið þín en ekki Seðlabankans?*

Nei, það var ekki og gat aldrei verið minn skilningur. Mér var alla tíð ljóst að lögum samkvæmt fór Seðlabankinn með valdið til að veita þrautavarálán en ekki forsætisráðherra, sbr. áður tilvitnuð ummæli núverandi seðlabankastjóra. Það var hins vegar ekki óeðlilegt að seðlabankastjóri hefði samráð við forsætisráðherra við þessar óvenjulegu aðstæður.

5. *Samkvæmt framburði starfsmanna Seðlabankans var sú ákvörðun Davíðs Oddssonar þáverandi seðlabankastjóra að hringja í þig úr síma sem tengdur var hljóðupptöku, gerð sérstaklega svo taka mætti símtalið upp. Var þér kunnugt um það, þá eða síðar?*

Mér var ekki kunnugt um að símtalið hefði verið hljóðritað og frétti ekki af því fyrr en löngu síðar. Um tilganginn með því get ég ekki fullyrt. En forsætisráðherra landsins - hver sem hann er - á ekki að þurfa að sæta því að embættismenn ríkissins hljóðriti símtöl við hann án hans vitundar.